

Fimmtudaginn 23. júní 1994.

Nr. 284/1994.

Kópavogskaupstaður og Magnús Hjaltested

(Þórólfur Kristján Beck hrl.)

gegn

Ölfushreppi

(Eiríkur Tómasson hrl.)

Kærumál. Hæfi dómara. Landamerki. Dómstólar. Lögsagnarumdæmi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðilar hafa með heimild í a-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 6. júní 1994, sem barst réttinum 14. sama mánaðar. Þeir krefjast þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að víkja sæti í málinu. Þá krefjast sóknaraðilar hvor um sig kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Auk sóknaraðila hefur varnaraðili stefnt Reykjavíkurborg, Sel-tjarnarneskaupstað, Garðabæ, Bessastaðahreppi og Hafnarfjarðarkaupstað til varna í því máli, sem kærumál þetta er sprottið af. Þessir aðilar hafa ekki látið kærumálið til sín taka.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 92/1989 um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði ákvarðast lögsagnarumdæmi héraðsdómstóla af mörkum kaupstaða og sýslna. Dómkröfur varnaraðila í aðalmálinu lúta að viðurkenningu landamerkja og marka sveitarfélaga á afréttum, en varða eigi mörk stjórnsýslu ríkisins eða dómstóla, eins og þau eru ákveðin í lögum nr. 92/1989.

Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laga nr. 41/1919 um landamerki o.fl. skyldi dómsmálaráðherra ákveða, ef deilt var um landamerki og lönd lágu hvort í sínu lögsagnarumdæmi, í hvoru þeirra héraðsdómari skyldi fara með málið. Ákvæði þetta var felld úr gildi með 6. gr. laga nr. 92/1991, og leiddi þá niðurfellingu af aðskilnaði dómsvalds

og umboðsvalds í héraði samkvæmt lögum nr. 92/1989. Hún fól hins vegar ekki í sér fyrirætlan um það, að héraðsdómari væri ekki eftir sem áður bær um að fjalla um ágreining í landamerkjamálu, þótt lönd lægju í lögsagnarumdæmi þess dómstóls, sem hann starfar við.

Engin haldbær rök hafa verið færð fram fyrir því, að ákvæði g-liðar 5. gr. laga nr. 91/1991 geti átt við í málinu.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðilar skulu greiða varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðilar, Kópavogskaupstaður og Magnús Hjaltsted, greiði varnaraðila, Ölfushreppi, sameiginlega 40.000,00 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 31. maí 1994.

Þess var krafist í greinargerð af hálfu stefndu, Kópavogskaupstaðar og Magnúsar Hjaltsted, að héraðsdómarar við Héraðsdóm Suðurlands vikju sæti í máli þessu. Í þinghaldi þann 25. þ.m. var kröfunum breytt á þann veg að einungis var gerð krafa um að dómari málsins, dómstjórinn við Héraðsdóm Suðurlands, viki sæti í máli þessu.

Krafa þessi er studd þeim rökum að úrlausn deiluefnisins í máli þessu varði mörk lögsagnarumdæma dómstólanna samkvæmt 2. gr. laga nr. 92/1989 um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, þ.e. mörk lögsagnarumdæma Héraðsdóms Suðurlands og Héraðsdóms Reykjaness.

Er skírskotað til venju þess efnis að dómarar í viðkomandi umdæmum víki sæti er deilt sé um mörk lögsagnarumdæma. Þá telur lögmaður Kópavogskaupstaðar og Magnúsar Hjaltsted að ákvæði 2. mgr. 8. gr. laga nr. 41/1919 hafi vegna mistaka löggjafarvaldsins verið felld niður, en samkvæmt dómvenju og eðli máls hljóti þær efnisreglur að gilda engu að síður. Loks telur lögmaðurinn að þrátt fyrir orðalag 6. töluliðar 6. gr. laga nr. 92/1991 hljóti þær reglur einnig að eiga við dómstólana með rýmkandi lögskýringu, löggjöfnun og eðli máls. Einnig hefur lögmaðurinn talið að fyrri afskipti dómarans af málinu með því að gefa út stefnu í máli þessu valdi því að hann sé vanhæfur til þess að fara með málið.

Frá því er lög nr. 92/1989 um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði tóku gildi þann 1. júlí 1992 verður ekki talið að nein slík réttarvenja hafi skapast er bendi til þess að dómara málsins beri að víkja sæti. Fyrri tíma

dæmi um, að sýslumenn hafi víkið sæti, er deilt var um mörk sýslna, eiga hér ekki við, þar sem sýslumenn gegndu umfangsmiklum stjórnsýsluverkefnum auk dómstarfa og voru meðal annars oddvitar sýslunefnda og gátu því oft haft stöðu aðila. Slíku er ekki til að dreifa í dag þar sem dómara fara ekki með önnur stjórnsýsluverkefni en lúta að stjórn dómstóla. Í 6. tl. 6. gr. laga nr. 92/1991 er einungis fjallað um störf sýslumanna í sambandi við meðferð landamerkjamála. Verður ekki talið að tækt sé að fella dómaskipun undir þessi ákvæði með almennum lögskýringarreglum. Ekki hefur verið bent á nein haldbær rök fyrir því að dómari málsins eigi hér nokkurra hagsmuna að gæta og verður því ekki fallist á að ákvæði g-liðar 5. gr. laga nr. 91/1991 leiði til þess að dómara málsins beri að víkja sæti. Verður því að hafna kröfunni um að dómari málsins víki sæti.

Í málflutningi sínum kom fram að lögmaður Kópavogskaupstaðar og Magnúsar Hjaltested telur, að dóminum beri ex officio að taka til athugunar hvort ekki beri að vísa málinu frá vegna rangs varnarþings. Fyrir liggur að stefndu hafa gert kröfur um frávísun málsins og verður fjallað um þær í sérstöku þinghaldi síðar og verður þá jafnframt tekin afstaða til þess hvort vísa beri málinu frá ex officio.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hafnað er kröfu stefndu, Kópavogskaupstaðar og Magnúsar Hjaltested, að dómari málsins víki sæti.
